

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir lóð úr landi Sviðugarða, Ásgarður.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að á 6,1 ha spildu rísi allt að 250 m² íbúðarhús með hámarkshæð 5 m og 500 m² skemma með hámarkshæð 7 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 24. janúar 2007.
2. *Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Ósabatna í landi Stóru-Ármóta.*
Deiliskipulagið nær yfir 13,5 ha iðnaðarsvæði við Ósabatna, vinnslusvæði Selfossveitna á bökkum Hvítár. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir 120 m² dælustöð á einni hæð með 5,5 m hámarkshæð frá gólfplötu.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2008